



# Fréttabréf FFA ágúst 2023

## Raðganga/sögugöngur

Ferðafélag Akureyrar efnir til sögugöngu í ágúst 2023 til minningar um póstferð Theódórs Friðrikssonar. Genginn verður megin hluti leiðarinnar í þremur áföngum. Fararstjóri verður Ingvar Teitsson.

Theódór Friðriksson (1876-1948) var fæddur í Flatey á Skjálfanda og ólst upp við kröpp kjör á svæðinu milli Skjálfanda og Eyjafjarðar. Theódór ritaði ævisögu sína: „Í verum“ er kom út 1941. Í bókinni eru mjög skýrar lýsingar á lifnaðarháttum alþýðunnar á þessum tíma. Í bók sinni segir Theódór frá vetrarferð sem hann fór í janúar 1900 frá Þönglabakka í Þorgeirsfirði að Skútustöðum við Mývatn. Erindið var að flytja bréf frá prestinum á Þönglabakka til prófastsins á Skútustöðum. Theódór var fimm daga á leiðinni austur í Mývatnssveit.

### Fyrsta ferð:

Sunnudagur 13. ágúst: Brottför kl. 08.00 með rútu frá skrifstofu FFA í Strandgötu 23.

Ekið norður í Hvalvatnsfjörð. Gengið frá Fjarðará framhjá Gili í Hvalvatnsfirði suður yfir Leirdalsheiði að Grýtubakka í Höfðahverfi. Gengið er eftir bíslóð alla leiðina.

### Önnur ferð:

Sunnudagur 20. ágúst: Brottför kl. 08.00 á einkabílum frá skrifstofu FFA í Strandgötu 23.

Ekið verður að Hallgilsstöðum í Fnjóskadal og gengið þaðan austur með Þingmannalæk og norðan megin í Ljósavatnsskarði að Litlutjörnum og þaðan um Arnstapa og Vatnsenda að kirkjustaðnum Ljósavatni.

### Þriðja ferð:

Sunnudagur 27. ágúst: Brottför kl. 08.00 með rútu frá skrifstofu FFA í Strandgötu 23.

Gengið frá Arndísarstöðum í Bárðardal eftir gamalli leið, Gullveginum, yfir Fljótsheiði og Mývatnsheiði að Helluvaði í Mývatnssveit. Nær allt á góðum götutroðningum og bíslóðum.

## Fleiri ferðir FFA í ágúst

- 11.-12. ágúst:** Helgarferð á Herðubreið
- 12. ágúst:** Rútuferð um Tröllaskaga. Saga og menning
- 12. ágúst:** Hafrafell og Þverárhyrna í Öxarfirði
- 12.-13. ágúst:** **Barna- og fjölskylduferð. Helgarferð í Lamba**
- 17. ágúst:** **Barna- og fjölskylduferð. Miðvíkurfoss og fjöruferð**
- 19. ágúst:** Skíðadalur-Heiðinnamannadalur-Barká
- 19. ágúst:** Söguferð um eyðibýli í Héðinsfirði
- 20. ágúst:** Fjallahjólaferð á rafhjóli. Nípá í Útkinn-Náttfaravíkur
- 26. ágúst:** Fljótsbakki-Vað